



Kortavelta Íslendinga dregst saman

Kortanotkun Íslendinga dróst saman um 1,1% milli ára í ágúst

Velta innlendra greiðslukorta dróst saman um 1,1% að raunvirði milli ára í ágúst og er þetta mesti samdráttur síðan í júní 2013. Samdráttur mældist bæði í verslunum hér á landi og erlendis.

Í ágúst mældist samdráttur upp á 0,3% milli ára í verslunum hér á landi miðað við fast verðlag og 4,4% erlendis miðað við fast gengi. Til samanburðar var vöxturinn 17% erlendis og 5% í verslunum hér á landi í ágúst í fyrra. Það er því útlit fyrir að breyting hafi orðið á neyslu Íslendinga í ljósi færri utanlandsferða.

Landsmenn héldu að sér höndum í sumar


Ef horft er til sumarsins í heild dróst kortavelta Íslendinga erlendis saman um 3,3% milli ára. Til samanburðar var vöxturinn 18% yfir sumarmánuðina í fyrra og tæp 36% yfir sumarmánuði ársins 2017. Hér á landi jókst kortavelta Íslendinga um 1,2% í verslunum yfir sumartímann, sem er þó mun minni vöxtur en á sumarmánuðum síðustu ára.

Síðan í maí hefur mælst stöðugur samdráttur í kortaveltu Íslendinga erlendis sem helst í hendur við færri utanlandsferðir og ef til vill minni netverslun. Erfiðara er þó að skýra samdráttinn í veltu hér á landi yfir sumartímann. Í Hagsjá¹ um kortaveltu síðasta mánaðar var fjallað um að heimilin væru hugsanlega að halda aftur af sér þegar kæmi að stórkaupum þar sem væntingar til atvinnu- og efnahagsástands færu dvínandi, og má vera að hér sjáum við áframhald af þeirri þróun þar sem aukinnar hófsemi gætir í neyslu.

Mesti samdráttur flugferða síðan 2009


Brottfarir Íslendinga um Leifstöð voru í ágústmánuði 14% færri en á sama tíma fyrir ári. Þetta er mesti samdráttur sem hefur sést á flugferðum Íslendinga í ágústmánuði síðan 2009. Yfir sumarmánuðina voru utanlandsferðir

Kortavelta í verslunum innanlands og velta erlendis




Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Kortavelta á sumarmánuðum



Gögn ná yfir tímabilið júní-ágúst hvert ár. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis.
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Brottfarir Íslendinga um Leifstöð á sumarmánuðum



Heimild: Ferðamálastofa

¹ sjá: <https://umraedan.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Hagsja/2019-08-20-kortavelta.pdf>



Íslendinga samtals 10% færri en í fyrra sem er mesti árlegi samdráttur yfir sumarmánuði síðan 2009.


Ferðamálastofa gerði könnun í upphafi árs þar sem landsmenn voru spurðir um ferðaáform ársins. Þá töldu 53% Íslendinga líkur á borgarferð erlendis á árinu og 44% hugðust fara í sólarlandaferð.

Marktækt fleiri sögðust ætla í sólarlandaferð í ár en á árunum 2011-2018. Það má fastlega gera ráð fyrir að þau áform hafi breyst í kjölfar gjaldþrots WOW air. Einnig spilar inn í að sumarið á suðvesturhorni landsins var einstaklega sólríkt og gott og því kannski minni þörf á sólarlandaferð en ella.

Vísbendingar um að áfram hægi á vexti einkaneyslu

Á öðrum ársfjórðungi jókst kortavelta Íslendinga alls að raunvirði um 1,6% milli ára til samanburðar við 1,3% aukningu á fyrsta ársfjórðungi. Þróunin í júlí og ágúst bendir til að vöxturinn verði hægari á næsta ársfjórðungi og þar með vöxtur einkaneyslu minni. Hagvöxtur á öðrum ársfjórðungi var að miklu leyti drifinn áfram af vexti einkaneyslu en flestir spáaðilar, að okkur meðtöldum, gera ráð fyrir því að hægja muni verulega á vexti einkaneyslu á næstunni og styður þróun sumarsins við þá kenningu.

Einkaneysla og kortavelta



Ársfjórðungsleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.